

Leikskólinn Sólhvörf

Starfsáætlun 2025 – 2026



Leikskólar Kópavogs

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Skólastarfið/Leiðarljós	4
4. Mat á skólastarfi	4
Innra mat leikskólans.....	4
Innra mat 2024-2025	5
Ytra mat.....	6
5. Umbótaáætlun	7
6. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
7. Þróunar- og nýbreytnistarf.....	8
8. Foreldrasamstarf.....	8
Foreldraráð	9
Foreldrafélag	9
10. Símenntunaráætlun.....	10
Skipulagsdagar	10
11. Aðrar upplýsingar.....	10
12. Húsnæði og lóð.....	10
Skólaárið 2024 - 2025	11
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026.....	11
13. Öryggismál.....	12
14. Lokaorð	12
15. Fylgigögn	12
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	12
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun.....	12
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	12
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs.....	12

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Leikskólaárið 2024-2025 fór vel af stað með fullskipað lið starfsmanna og 129 börnum í dvöl. Yngri börnum er alltaf að fjölga og er áskorun að vera í húsnæði sem er ekki hannað fyrir þau, m.a. aðgengi að salerni og hólf barnanna í fataklefa.

Við stóðum keik allt þar til í október að flensurnar fóru að stinga sér niður hver af annarri, sem gerði það að verkum að starfsfólk þurfti lengri tíma til að jafna sig en ella. Á sama tíma fóru Gerður Magnúsdóttir leikskólastjóri og Dóra Margrét Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri í námsferð til Glasgow með fríðu föruneysi skólastjórnenda í Kópavogi og starfsmanna menntasviðs. Það var mikilvæg endurmenntun þar sem kynnt var innleiðing farsældar og barnasáttmála sem og leikskólar heimsóttir sem vinna að þessum þáttum. Ingibjörg Birna Sveinsdóttir, sérkennslustjóri, ásamt deildastjórum stóðu vaktina á meðan og starfið gekk hnökralaust fyrir sig í fjarveru skólastjórnenda.

Við fengum þónokkur krefjandi verkefni þetta árið en m.a. misstu 4 starfsmenn nákominn ættingja, þrír starfsmenn fóru í langtímaveikindi og Gerður skólastjóri hætti snögglega í febrúar og tók við stöðu aðstoðarskólastjóra í Barnaskóla Kársness. Dóra Margrét tók við stöðu leikskólastjóra og réði Elvu Dögg Sigurðardóttur sem aðstoðarskólastjóra, eftir viðtöl við þrjá aðila sem að sóttu um stöðuna. Sú ráðning var innanhúss, en Elva er leikskólakennari og reyndur deildastjóri á leikskólanum.

Þrátt fyrir áskoranir þá tókst okkur með samvinnu, umhyggju og jákvæðni að standast þær allar án vandræða.

Leikskólaárið 2025-2026 fer sæmilega af stað og eru nú þegar 122 börn komin með vistun. Ráðningar nýrra starfsmanna hafa sömuleiðis gengið vel og erum við nánast búin að fullmanna skólann fyrir komandi vetur.

Áfram munu helstu áherslur starfsins vera málörvun þar sem málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* myndar ramman. Einnig vinnum við áfram að verkefnum tengdum Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem nú þegar eru orðinn stór hluti af þeim hugsunarhætti sem við höfum tamið okkur. Útivera er einnig mikilvægur þáttur í öllu okkar starfi og með bættri aðstöðu á lóðinni og aukinni áherslu á vettvangsferðir fær útiveran meðvitaðri sess í starfinu.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Leikskólastarfið tekur á hverju ári mið af þeim barnahóp sem þar stundar nám og er því samsetning ólík frá ári til árs. Hver deild starfar sem sjálfstæð eining innan Sólhvarfaheildarinnar og setja starfsmenn saman undir leiðsögn deildarstjóra dagskipulag, vaktaplan og annað sem mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um. Það getur verið mikill munur á árgangastærð frá ári til árs og því mikilvægt að starfsmannahópurinn sé sveigjanlegur svo hægt sé að nýta húsnaði og starfsmenn með sem bestum hætti. Auk þeirra rýma sem hver deild hefur yfirráð yfir eru sameiginleg rými eins og íþróttasalur og listasmiðja samnýtt með skipulögðum hætti.

Leiðarljós leikskólans eru virðing, sjálfræði og virkni en þau hafa verið frá upphafi leikskólans. Til stendur að endurskoða þau í vetur og uppfæra eftir breyttum áherslum leikskólans í gegnum árin.

Málörvun er sá þáttur sem að við leggjum lykiláherslu á og er skólastarfið gegnsýrt af því. Hver deild vinnur að málörvun eins og hentar þeirra barnahóp en þó vinna allar deildar með málhljóð vikunnar úr bókinni *Lubbi finnur Málbein* ([Málörvun og Lubbi](#)) á sama tíma. Sérstök áhersla er lögð á að sinna snemmtækri íhlutun þegar kemur að málþroska og sinna fjöltyngdum börnum ([Leikskólinn Sólhvörf](#)). Til þess notum við m.a. yndislestur, Gefðu 10 og litla málörvunarhópa.

Leikskólinn Sólhvörf er einn af þeim leikskólum sem vinnur markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í sínu starfi og eru verkefni og áherslur sem tengjast þeirri vinnu til staðar í öllu starfinu ([Um Barnasáttmálann | Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna](#)). Við störfum ásamt fleiri leikskólum áfram að því að stækka verkefnið, deila hugmyndum og festa vinnuna í sessi í öllum leikskólanum. Verkefni og nálgun taka mið af aldri barna og samsetningu barnahóps en miða öll að því að auka lýðræðislega þátttöku barna, gefa þeim rödd og taka mið af skoðunum þeirra þegar ákvarðanir eru teknar. Í vetur verður áfram unnið með að dýpka verkefnið, auka almenna þátttöku í starfsmannahópnum, setja upp Barnasáttmálaglæraugun við flestar ákvarðanir og styðja við verkefni fyrir yngsta hópinn.

Við höfum lengi unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla ([Vinátta og Blær](#)) sem hefur fest rætur í okkar starfi. Öll börn leikskólans koma að verkefninu en nálgunin er mismunandi eftir aldri. Öll börn eiga sinn Blæ bangsa og er hann bæði nýttur í formlegum stundum sem og t.d. í hvíld eða þegar barni vantar huggun. Sumar deildir tengja verkefnið t.d. við útiveru, barnasáttmálaverkefnið, málörvun og fleira svo verkefnið er ekki eins og skraut uppi í hillu, það er notað dags daglega.

Útivera er stór þáttur í öllu starfinu og þar eru margvísleg verkefni unnin ásamt því að leggja áherslu á frjálsa leikinn. Umhverfi leikskólans býður upp á margar vettvangsferðir og stutt er að koma sér í strætó til þess að stækka hringinn okkar. Guðmundar- og Magnúsarlundur eru oft nýttir til ævintýraferða sem og Elliðavatn.

Skólanámskrá verður í vinnslu á þessu skólaári.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett

fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Sólhvarfa eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra.*

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2024-2025

Leikskólastjórnendur tóku starfsmannasamtöl við alla starfsmenn frá október-janúar. Niðurstöður samtalanna voru þær að starfsfólk var í heildina mjög ánægt í vinnunni. Þeim fannst gott upplýsingaflæði og upplifði að á þau væri hlustað. Þá töluðu margir um að sýnileiki stjórnenda gerði þau öruggari í starfi. Nokkrir nefndu hversu gott væri að leita til annarra deilda ef t.d. mannekla kæmi upp til að samnýta starfsfólk og lána á milli deilda. Teymisfundir vegna barna með sérþarfir fóru reglulega fram og lausnarteymi leikskólans náði oftast að funda á tilsettum tíma þó nokkrir fundir hafi dottið út vegna ýmissa áskorana.

Deildastjórafundir voru haldnir tvisvar í mánuði. Þar sem einn fundur var á ábyrgð skólastjórnenda en hinn var vinnufundur deildastjóra þar sem þeir gátu farið yfir stöðuna á sinni deild, fengið ráðleggingar og skipst á skoðunum. Ritari á deildastjórafundum sá um að koma upplýsingum er varðaði allt starfsfólk leikskólans áleiðis með útprentaðri fundargerð sem fór inn á allar deildar leikskólans.

Samráðsfundur var með Vatnsendaskóla vegna samstarfs milli skólastiga.

Skemmtinefnd leikskólans fundaði nokkrum sinnum yfir árið og bauð upp á skemmtilega viðburði til að efla starfsandann.

Börnin mátu m.a. hvað er vinátta/vinur, hvaða leikefni eigi að nota, hvernig líður mér/öðrum, hvernig sjáum við tilfinningar, hvað á að vera í matinn/er allur matur hollur.

Eftirfarandi mælitæki EFI-2, TRAS og Hljóm-2 ([Mat á námi og broska](#)) eru markvisst nýtt til þess að skima málþroska og hljóðkerfsvitund allra barna í leikskólanum á mismunandi aldri. Þau hjálpa kennurum að greina frávik í málþroska svo hægt sé að grípa til snemmtæktrar íhlutunar og veita markvissa málörvun.

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á læsi og samskipti í innra mati.

Ytra mat

Skólapúlsinn var með viðhorfskönnun meðal foreldra sem fór fram í janúar 2025. Foreldrar voru almennt ánægðir með starf og upplýsingaflæði frá leikskólanum og niðurstöðurnar mjög jákvæðar í garð skólans.

Skólapúlsinn var einnig með viðhorfskönnun meðal starfsmanna í mars 2025. Þar sem að skólinn var að ganga í gegnum miklar breytingar á þeim tíma þar sem m.a. var skipt um leikskólaskólastjóra þá tókum við ekki þátt í könnuninni.

Unnin var áætlun um öryggi og heilbrigði í húsnæði leikskólans og í úttekt frá vinnueftirliti í maí 2025 gerðu þeir engar frekari athugasemdir þar sem búið var að bæta úr sumum þáttum sem þurfti að laga og að leikskólinn væri búinn að gera tímasetta áætlun til úrbóta.

Heilbrigðiseftirlitið kom í sitt reglubundna eftirlit í október 2024 og gerði nokkrar athugasemdir m.a. að háfur í eldhúsi virki ekki nægilega vel. Búið er að fá matsmann sem er að vinna í að skipta um háf. Þá var gerð athugasemd við ofna og ofnalagnir, en víða er húðin af ofnalögnunum farin að flagna sem og að auðvelt er fyrir börn að festa hönd bakvið lagnirnar. Gluggar á sumum deildum hriðleka í vissri veðurátt sem skemmir bæði vegggi og gluggakistur sem eru fyrir neðan. Margoft hafa gluggarnir verið skoðaðir en engar lausnir komið þrátt fyrir ítrekanir um úrbætur. Þá kom fram að þörf sé á málun og viðgerðum á veggjum sem víða eru farnir að flagna. Sjá fylgiskjalið *óskir um viðhald innan húss og búnaðar*.

Eldvarnareftirlit fer fram á mánaðarfresti og er í höndum húsumsjónarmanns leikskóla Kópavogsbæjar. Umsjónamaður leikskólans ásamt tveimur börnum á elstu deildum leikskólans fara einnig yfir eldvarnir og tryggja að allt sé eins og það á að vera. Árleg skoðun á brunaviðvörðunarkerfinu fór fram í desember 2024 og árleg skoðun á slökkvitækjum og brunaslöngu fór fram í ágúst 2024.

Öryggiseftirlit lóða – lóðin var fullkláruð 2025 og ætti því að standast kröfur um öryggi.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í leikskólanum Sólhvörfum er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Veturinn 2025-2026 verður áfram unnið með fastar áherslur starfsins og lögð sérstök áhersla á að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hvað við í Sólhvörfum stöndum fyrir.

Lausnateymið hefur verið fest í sessi og betra gengur að skipuleggja og halda utan um fundi þess. Fundir eru vikulega á dagskrá en ekki er alltaf þörf fyrir þá og er þá hægt að nýta fundartímann fyrir aðra fundi. Þetta er í góðum tengslum við aukna áherslu á samþætta þjónustu og samstarf okkar við utanaðkomandi aðila sem tengjast málefnum barnanna okkar. Í lausnateyminu eru leikskólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri.

Leikskólinn Sólhvörf er réttindaskóli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fékk sína aðra viðurkenningu í júní 2025. Verkefni Unicef í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er komið til þess að vera og mikilvægt að halda því lifandi, finna nýjar nálganir og minna á að börnin eiga að eiga rödd og aðkomu að ákvörðunum sem að þeim snúa. Þetta þarf sífellt að minna á og festa það enn frekar í sessi á öllum deildum. Starfsmannahópurinn fer einnig reglulega í gegnum verkefnið svo hann tileinki sér vinnubrögð og nálganir.

Unnið verður að áætlun um mótun og innleiðingu læsisstefnu sem styður við málþroska, læsi og áhuga barna á tungumáli og tjáningu í gegnum leik og daglegt líf í leikskólanum. Byrjað verður á að kynna hugtakið læsi fyrir starfsfólki og foreldrum. Svörum frá starfsfólki safnað við spurningum eins og „hvernig getum skipulagt lestrarstundir á sem bestan máta fyrir öll börn“ og „hvernig getum við notað umhverfið á læsisörvandi hátt“.

Unnið verður að gerð málstefnu og innleiðingu hennar á skólaárinu. Byrjað verður á að funda með deildastjórum og sérkennslustjóra og grunnur lagður að henni. Allt starfsfólk leikskólans mun svo í framhaldinu koma að málstefnunni og mótun hennar á skipulagsdegi.

Nýjar áherslur í aðalnámskrá tóna vel við starf leikskólans í dag og munum við halda áfram með þær áherslur sem þar koma fram. Þar ber hæst félagsleg inngilding en vegna fjölgunar fólks m.a. af erlendum uppruna, börnum, foreldrum og starfsmönnum, er mikilvægt að sinna þessum þætti mun betur en áður. Allir hlutaðeigandi eiga rétt á að upplifa sig sem fullgilda þátttakendur í leikskólanum og það er á okkar ábyrgð að vinna að því.

Leikskólinn notar Hæfniramma í íslensku fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Í vetur mun hefjast vinna að endurskoðun skólanámskrá í takti við breyttar áherslur skólans og framþróunar.

Allt starfsfólk leikskólans hefur fengið fyrirlestur um farsældarlögin og hvað felist í farsæld barna.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Samstarf hefur alltaf verið náð við Vatnsendaskóla og unnið samkvæmt fastri dagskrá. Elstu börnin í leikskólanum heimsækja skólann fimm sinnum yfir veturinn en auk þess koma vinir okkar í fyrsta bekk Vatnsendaskóla í heimsókn til okkar, vinabekkur afhendir bréf, við göngum saman á degi gegn einelti og fögnum saman á vináttuhátíð í Guðmundarlundi. Lestrarvinir koma og lesa fyrir okkur mánaðarlega og einnig er boðið upp á leikskólaval á elsta stigi og þeir nemendur starfa í leikskólanum í tvo tíma einu sinni í viku. Við vonum að samstarfið muni bara aukast á komandi árum enda gegna þessar einingar lykilhlutverki í samfélagi hverfisins. Við höfum verið að auka samstarf við Vatnsendaskóla um börn sem eru í skólaforðun og vegna áskorana í hegðun, þroska eða námi.

Við komum til með að taka þátt í þróunarverkefni þetta skólaár í tengslum við námsefnið K-PALS, ([K. PALS Læsi](#) | [SÍSL sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir](#)) en elstu börn leikskólans verða í þessu verkefni með sínum kennurum. Við ásamt nokkrum leikskólunum innan Kópavogs verðum í samstarfi við okkar hverfis grunnskóla en með þessu verkefni er verið að skoða hvort að félagakennsla (K-PALS) í leikskóla komi til með að hafa jákvæð áhrif á byrjendalæsi í fyrstu bekkjum grunnskóla. Kennarar leikskóla fara eftir handriti af kennslustundum þar sem bein kennsla fer fram hluta af kennslunni. Þar verður markviss innlög hljóða sem styrkir hljóðavitund. Annar hluti af kennslunni fer fram með því að börn kenna börnum hljóð. Með félagakennslu og hrósum eflast félagsleg tengsl barna.

Einnig munum við taka þátt í rannsókn á notkun efnisins Lubbi finnur málbein; Hljóðasmiðja 1 ásamt nokkrum öðrum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið með rannsókninni er að gera forkönnun (e. pilot study) á fýsileika þess að meta meðferðarhaldni efnisins, þ.e. hvort það sé notað í samræmi við upphafleg markmið og leiðbeiningar.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Samstarfið á sér stað í daglegum tengslum við foreldra sem að mestu leiti er sinnt af starfsmönnum deildanna og deildarstjórum. Formleg foreldraviðtöl er að lágmarki einu sinni á vetri en auðvelt er að kalla eftir samtali ef þörf er á. Samskiptaforritið Vala er aðalsamskiptaleið okkar en gott að geta sent skilaboð og myndir á auðveldan hátt. Deildarstjórar senda upplýsingapósta reglulega og stjórnendur leggja metnað í að upplýsa foreldra og vera í góðu sambandi við þá.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi við í samræmi við óskir foreldra. Foreldrar geta sjálfir leitað beint til tengiliðar eða sent beiðni í gegnum [Þjónustugátt Kópavogsbæjar](#)

Tengiliður í Sólhvörfum er:

Ingibjörg Birna Sveinsdóttir - Sérkennslustjóri - ingabirna@kopavogur.is

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir er ekki að finna á heimsíðunni eins og stendur en lagt er upp með að bæta það í vetur. Einnig var fundað um starfsmannamál, veikindi og aðrar áskoranir sem leikskólastarfið gekk í gegnum síðastliðinn vetur. Í skólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Viðburðir foreldrafélagsins og aðkoma að starfi leikskólans eru í mjög föstu formi og unnin í frábæru samstarfi við leikskólann. Foreldrafélagið býður upp á jólasveina á jólaballi, kemur að páskaeggjaleit, kaupir leik- eða tónlistarsýningu og skipuleggur foreldrahátíð að sumrinu. Síðustu tvö ár hefur foreldrafélagið síðan styrkt okkur með leikfangakaupum á hverju vori.

9. Starfsfólk

Í leikskólanum Sólhvörfum er gert ráð fyrir 19,8 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 75% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75 % stöðu sérkennslustjóra og 225 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysingar vegna veikinda, undirbúningstíma, skóla hjá starfsfólki og sérkennslu barna.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsmannahóp leikskólans. Skipt var um leikskólastjóra um miðjan febrúar og um miðjan mars bættist við aðstoðarskólastjóri. Þrír starfsmenn fluttu um starfstöð innan Kópavogs í ágúst þar af einn leikskólakennari. Einn leikskólakennari, deildastjóri, hætti vegna flutnings út á land.

Í húsinu starfa 42 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli þar af eru fjórir leikskólakennarar, tveir þroskaþjálfar, tveir uppeldis- og menntunarfræðingar, sálfræðinemi, tómstunda og félagsfræðinemi, leikskólaliði, tveir leikskólakennaranemar, háskólamenntaðir starfsmenn, leikari og leiðbeinendur. Vegna stuðningsþarfa barna er útséð að ráða þurfi í 4,5 stöðugildi.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglunga til starfa í leikskóla Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin. Eins höfum við ráðið til okkar sumarstarfsmenn sem koma þá í stað þeirra starfsmanna sem eru að taka út orlof.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákveða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólstarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

Hafa skal í huga að þetta eru drög að dagskrá skipulagsdaga

1. *Föstudagurinn 19. September- Hringekkjja með ýmsum fræðslumólum inn í starf vetrarins og hópefli fyrir starfsfólk*
2. *Miðvikudaginn 12.nóvember – Deildafundir og undirbúningur árlega jólaverkstæðis Sólhvarfa*
3. *Janúar – Endurmat á starfi haustsins*
4. *Priðjudaginn 10.mars – Ekki hefur verið tekin ákvörðun um dagskrá*
5. *Föstudaginn 15. maí – Undirbúningur fyrir sumarstarfið og flutninga barna á milli deilda*

11. Aðrar upplýsingar

Börn in í leikskólanum Sólhvörfum eru 126 en gert er ráð fyrir að skólinn geti tekið við 137 börnum. Því ber að nefna að barnahópurinn er yngri en undanfarin ár og dvelja nú yngstu börn á þremur deildum. Húsnæðið er óhentugt fyrir þann aldur og því ekki eins auðvelt að samnýta sameiginleg svæði en unnið er að því að skoða hvernig rýmið geta nýst sem best. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að endurreikna rými skólans eins og stefnt er að á næstu árum. Enn er verið að úthluta en hún verður að taka tillit til samsetningar í barnahópnum og rýmanna í leikskólanum.

Dvalartími barna hefur styst eftir að breytingar í áherslum og gjaldtöku tóku gildi en taka enn þó nokkrum breytingum svo erfitt er að segja til um hver dvalartíminn verður og auknar líkur á því að hann verði breytilegri en undanfarin ár. Þetta er nýr raunveruleiki sem við munum ná jafnvægi í fljótlega.

Skólaárið 2024-2025 fengu 12 börn úthlutun vegna sérkennslu í 1. og 2. flokki og 36 börn fengu tíma í 3. og 4. flokki. Við vorum sett í þá stöðu að skera niður 5 tíma í sérkennslu sem við vonumst til að endurheimta í vetur. Tvítýngd börn í leikskólanum voru 20.

Skólaárið 2025-2026 þurfum við 4,5 stöðugildi fyrir börn í 1. og 2.flokki og svo eru 29 börn í 3. og 4.flokki. Tvítýngd börn verða 16.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Unnið var að ýmiskonar smáverkefnum og viðhaldi, gluggakistur voru límdar, hillur hengdar upp, hurðapumpur lagaðar og fleira. Gluggar voru settar í hurðar innanhúss svo hægt sé hægt að loka að sér.

Unnið var að endurnýjun lóðarinnar sem unnin var í tveimur hlutum og lauk seinni hlutanum haustið 2024.

Leikskólinn var bónaður og þrífinn hátt og lágt í sumar 2025.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Óskir um viðhald innan húss og búnaðar fyrir fjárhagsáætlun 2026

Leikskólinn Sólhvörf

1. Setja utaná liggjandi hitalagnir/rör í stokk
2. Borð og stólar fyrir börn í öllum rýmum
3. Sparsla og mála deildir
4. Laga leka glugga og gluggakistur

Skýringar:

1. Í flestum rýmum leikskólans eru utaná liggjandi hitalagnir/rör sem þarf að laga sem fyrst. Þetta er slysagilðra fyrir lítil börn þar sem að þau eiga til með að setja fingurna bakvið rörin. Einnig geta rörin verið heit og húðin utanum er farin að flagna. Fengum athugasemd frá Heilbrigðiseftirlitinu

2. Borð og stólar eru komin til ára sinna, stólbök og sæti mörg hver brotin. Óhentugt að ekki sé hægt að hækka og lækka borðin og stólana, miðað við þörf og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Erum búin að fá nokkur ný borð og stóla sem við erum ánægð með og viljum gjarnan fá fleiri.

3. Það er kominn tími til að fara í viðgerðir á veggjum deilda, sparsla upp í göt og sprungur og mála. Málning farin að flagna á mörgum stöðum sem og að glittir í múrinn á sumum veggjum. Höfum fengið athugasemd frá Heilbrigðiseftirlitinu

4. Gluggar eru að leka í vissri veður átt sem að erfitt er að eiga við. Vatn fossar stundum inn. Gluggakistur eru orðnar morknar af vatninu og gefa eftir þegar staðið er á þeim. Það hefur einungis verið skipt um eina og eina spýtu í gluggakistunum undanfarin ár en spurning að skipta þeim öllum út. Veggir undir gluggunum liggja undir skemmdum og þyrfti að laga. Höfum fengið athugasemd frá Heilbrigðiseftirlitinu

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Skólaárið 2024 - 2025 urðu 6 slys á börnum og eitt hjá starfsmanni. Slysín á útisvæði voru 5 og eru flest fall á jafnsléttu eða úr leiktæki. Ekkert af þessum slysum var þess eðlis að hægt væri að koma í veg fyrir þau. Innanhúss voru slysin 2, barn rakst í annað barn með skónum sínum þannig að gleraugu barnsins brotnuðu og eitt barn féll af stól.

14. Lokaorð

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Börn hafi raunveruleg áhrif á leikskólastarfið	Barnasáttmálinn	Umræður við börn um leikskólastarfið	2025-2026	Deildastjórar	Öll börn hafi rödd	Börnin velja mánaðarlega hvað er í matinn, Ingibjargardagurinn
Starfsmannasamtöl	Heilsa og vellíðan	Deildastjórar taki frá tíma til að sinna þessum þætti	2025-2026	Deildastjórar	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Skólastjórnendur tóku viðtöl 2024-2025. Deildastjórar taka viðtölin í ár
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Barnasáttmálinn	Börn fái tækifæri til að koma að mati á leikskólastarfinu	2025-2026	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Ekki hafið.
Efla málþroska og læsi		Lubba efnið sé í notkun á öllum deildum. Ritmál sýnilegt í umhverfi barnanna. Fræðsla um málörvun til starfsfólks.	2025-2026	Deildastjórar	Öll börn þekki til Lubba	að skapa fjölbreyttar og skapandi leikaðstæður sem hvetja börnin til að leika sér með málið og ýta undir áhuga þeirra á læsi. Boðskipti og tjáning eru mikilvægir þættir í samskiptum og er því lögð áhersla á að veita börnunum tækifæri til að tjá sig í daglegum

						aðstæðum og kenna þeim viðeigandi boðskiptareglur. Ritmál er sýnilegt í leikumhverfi barnanna og ríkulegt og fjölbreytt mál er notað í leik og við daglegar aðstæður
Vinnuaðstaða starfsfólks		Gera aðstöðuna meira aðlaðandi, skapa meira næði.	2025-2026	Stjórnendateymi	Starfsfólki líður vel	Mála vinnuaðstöðu, koma upp hillum og kaupa ferðaborð fyrir fartölvur
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda	Heilsa og vellíðan	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, upptakomur í daglegu starfi o.s.frv.	2025-2026	Stjórnendateymi og skemmtinefnd	Könnun til starfsfólks	Gerður verður samskiptasáttmáli, upptakomur í daglegu starfi

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Starfsmenn fá tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og geta komið með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Haust 2025 og vor 2026	45 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar (þetta skólaár)
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Fyrsta vika starfsmanns	ca 30 mín	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildastjórar
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fræðsla með fyrirlestrum frá ýmsum fagaðilum, deildafundir og yfirferð á starfi og áherslum leikskólans	5 x yfir skólaárið	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kosið í stjórn félagsins og verkum skipt á milli stjórnarmeðlima. Línur lagðar fyrir veturinn	Sept/október	2 tímar	Unnið utan vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Hringekja með mismunandi fræðslu, fyrirlestur frá Auði mannauðsráðgjafa og deildafundir	19.sept	8 tímar		Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Deildafundir og undirbúningur árlega jólaverkstæðis Sólhvarfa	12.nóv	8 tímar		Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á starfi haustsins	19.jan	8 tímar		Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Ekki hefur verið tekin ákvörðun um dagskrá	10.mars	8 tímar		Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Undirbúningur fyrir sumarstarfið og flutninga barna á milli deilda	15.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í mánuði	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Vinnufundur deildastjóra	Skapa umræður um starfið, skiptast á skoðunum og fá ráðleggingar	1x í mánuði	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 – skóladagatal 2025-2026

Skóladagatal 2025 - 2026

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JUNÍ	JULÍ
1 F Sumarlökun	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Hjórnadagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Verkalýðdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ Hagglötti skólastarfi dagur	2 F Skráningardagur	2 M	2 M	2 F Skráningardagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Fjölskyldudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Fridagur venlutannanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ Sumarlökun	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þakadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M Sumarlökun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Brattindinn	6 F Dagur leikskólans - Blær	6 F	6 M Áttar í Þakum	6 M	6 L	6 M
7 F Skólar opna kl. 13:00	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólans	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjámannadagurinn	7 Þ Skólar loka kl. 13:00
8 F	8 M Dagur læisla	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumarlökun
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Sumarlökun
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ Skípuhlédagur-sam	10 F	10 S	10 M Óskilríki skóla barna	10 F Sumarlökun
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Jólaball	11 S	11 M Dagur íslenskra tónmálara	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M Skípuhlédagur-sam	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M Sumarlökun
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	14 F Úppögningsdagur	14 S	14 Þ Sumarlökun
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Skípuhlédagur-sam	15 M	15 M Sumarlökun
16 L	16 Þ Dagur íslenskra náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskra langa	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumarlökun
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F Sumarlökun
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M Vörðing - opð hús	18 F	18 L
19 Þ	19 F Skípuhlédagur	19 S	19 M	19 F	19 M Skípuhlédagur	19 F Skráningardagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur manniþinna barna	20 L	20 Þ	20 F Skráningardagur	20 F Hugvæðingardagur	20 M	20 M Fundur fyrsta forsetna	20 L	20 M Sumarlökun
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumarlökun
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf Gæu	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M Sumarlökun
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorkámasa	23 F Bóndadagur - upphaf Þoma	23 M	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F Sumarlökun
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F Sumarlökun
25 M	25 F	25 L	25 Þ Þýskt veisdagur	25 S	25 F Júlídagur	25 M	25 M	25 L	25 M Áttar í Hvítasunnu	25 F	25 L
26 Þ	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 S	26 M	26 F Áttar í júlí	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F Skráningardagur	27 F Múverkshæði	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M Adólfur mill dala	27 L
28 F	28 S	28 Þ	28 F Skráningardagur	28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 Þ Sumarlökun
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F Skráningardagur	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Sumarlökun
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F Skráningardagur	30 F	30 M	30 M Skráningardagur	30 F	30 L	30 F Sumarlökun
31 S		31 F		31 M	31 L		31 Þ	31 S			31 F Sumarlökun

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs



